



Símenntunarmiðstöðin á Vesturlandi

Fundargerð

121. stjórnarfundur Símenntunar á Vesturlandi var haldinn fimmtudaginn 1.júní 2023 kl. 11:00. Fundurinn var haldinn á teams. Mætt: Bjarki Þorsteinsson formaður, Anna Jóna Kristjánsdóttir, Hrafnhildur Hallvarðsdóttir, Jóhanna María Sigmundsdóttir fyrir Lilju Björgu Ágústsdóttur og Guðrún Vala Elísdóttir framkvæmdastjóri. Silja Eyrún Steingrímsdóttir boðaði forföll og hennar varamaður komst ekki.

Guðrún Vala Elísdóttir ritaði fundargerð.

Formaður bauð alla velkomna og gengið var til dagskrá.

Dagskrá fundar:

- Fundargerð aðalfundar lögð fram til samþykktar.**

Samþykkt samhljóða að teknu tilliti til smávægilegra athugasemda.
- Ný stjórn skiptir með sér verkum**

Samkvæmt 5. gr.samþykktar Símenntunar þá kýs stjórn sér formann og skiptir með sér verkum til tveggja ára í senn. Björn Bjarki Þorsteinsson gefur ekki kost á sér sem formaður áfram og stingur upp á Hrafnhildi Hallvarðsdóttur. Engin mótframboð komu fram og var samþykkt samhljóða að HH yrði formaður.
- Siðareglur stjórnar.**

Í 5.gr. endurskoðaðra samþykktar segir: Stjórnin skal setja sér starfsreglur þar sem nánar er kveðið á um framkvæmd starfa hennar. Framkvæmdastjóri hefur kynnt sér siða- og starfsreglur annarra fræðslumiðstöðva og er falið að gera drög sem sendar verða á stjórn fyrir sumarfrí.
- Verkefni á vorönn 2023 og það sem er framundan**

Framkvæmdastjóri fór yfir starfsmannastöðu og verkaskiptingu, og sagði frá verkefnum sem eru í gangi og því sem er framundan. Ráðinn hefur verið starfsmaður í 15% starf til þess að ræsta á Akranesi.

Verkefni eru mörg og fjölbreytt og í takt við starfsáætlun. Ýmis ný verkefni hafa orðið til eins og t.d. fjölmenningarferlinámsskeið, fordóma og samskiptafræðsla fyrir nemendur og starfsfólk í grunnskólum, námskeið í samstarfi við Rauða krossinn o.fl. Framkvæmdastjóri ræddi sérstaklega aukingu á fjarprófum, tekjur og kostnað við þau. Ákveðið að halda sig við

sömu verðskrá fyrir próf, þ.e. hámark 16.000 kr á önn fyrir almenn próf, en rukkað verði sérstaklega fyrir sjúkra- og endurtektarpróf og tekur sú ráðstöfun gildi á haustönn 2023.

5. Önnur mál

Framvæmdastjóri benti á ársskýrslu Símenntunar sem nú er komin á heimasíðuna, auk þess að vera aðgengileg sem flettiskjal á facebook síðu Símenntunar.

Framkvæmdastjóri gerði grein fyrir stöðu húsnæðis og bílamála.

Rætt um sumarfrí starfsmanna og möguleika á að hafa ekki alveg lokað í júlí.

Stjórn þakkar framkvæmdastjóra fyrir greinargóðar upplýsingar. Ákveðið að halda næsta stjórnarfund að Smiðjuvöllum 28, Akranesi í lok ágúst.

Ekki fleira gert og fundið slitið kl. 11:57.